



Ábyrgðarskilmálar vegna vörukaupa

1. Ábyrgðarskilmálar

1. Skilmálar þessir taka til allra vörukaupa hjá Símanum hf., kt. 460207-0880, (hér eftir „seljandi“) hvort sem er í verslun eða netverslun og skulu þeir gilda svo framarlega sem ekki er mælt fyrir um betri rétt kaupanda í órávíkjanlegum lögum.
2. Sölunóta kaupanda gildir sem ábyrgðarskírteini vöru. Kaupanda ber því að halda vel utan um sölunótu enda er hún forsenda þess að hann geti nýtt sér mögulega úrræði vegna galla.
3. Tveggja ára ábyrgð frá kaupdegi skal almennt gilda um vöruna sem skráð er á ábyrgðarskírteini, hvort sem kaupandi er neytandi eða fyrirtæki. Vörur sem eðli málsins samkvæmt hafa skemmri endingartíma skulu þó ekki hafa svo langan ábyrgðartíma. Það á t.a.m. við um rafhlöður, en sex mánaða ábyrgð frá dagsetningu sölunótu gildir fyrir rafhlöður í tækjum sem styðjast við þráðlausa hleðslu, en eins árs ábyrgð fyrir rafhlöður í öðrum tækjum (sameiginlega vísað til „ábyrgðartíma“).
4. Telji kaupandi vöru gallaða ber honum að framvísa ábyrgðarskírteini (sölunótu) vilji hann nýta rétt sinn til úrbóta/nýrrar afhendingar, eftir því sem við á.
5. Reynist vara gölluð, s.s. ef um verksmiðjugalla er að ræða, metur seljandi hvort rétt sé að reyna að gera við vöruna eða hvort afhenda skuli nýja vöru.
6. Seljandi ber ekki ábyrgð á galla sem má rekja til sakar kaupanda eða aðstæðna sem hann varða, s.s. rangrar notkunar eða slæmrar meðferðar á vöru, raka- eða höggskemmda, rangra uppsetninga eða skorts á uppfærslum, slælegs viðhalds, slysa eða óhappa. Það sama á við fylgi kaupandi ekki leiðbeiningum seljanda og/eða framleiðanda um meðferð vörunnar eða hafi kaupandi eða þriðji aðili átt við vöruna. Reynist vara högg- eða rakaskemmd ber kaupandi sönnunarbyrði fyrir því að varan hafi verið haldin galla að öðru leyti.
7. Seljandi ber ekki ábyrgð á galla sem rekja má til óviðráðanlegra atvika, s.s. náttúruhamfara, truflana á rafkerfi í húsnæði eða hverfisins o.s.frv.
8. Seljandi ber ekki ábyrgð á galla sem rekja má til hugbúnaðarvillna.
9. Komi í ljós að vara telst ekki gölluð skal kaupandi bera skoðunargjald samkvæmt verðskrá viðgerðaraðila. Um viðgerð á tækinu fer eftir skilmálum Símans þar um.
10. Sé ábyrgð seljanda til staðar ber seljandi eingöngu ábyrgð á beinu tjóni kaupanda sem gera má ráð fyrir að sé bein afleiðing af galla á vörunni. Ábyrgð seljanda nær ekki til óbeins tjóns, þ.m.t. rekstrartaps eða tjóns sökum þess að ekki hefur tekist að uppfylla samninga við þriðja aðila. Það sama á við um missi á gögnum vegna galla á vöru.
11. Kaupandi skal tilkynna seljanda um galla strax og hans verður vart. Berist tilkynning um galla ekki innan tveggja ára frá því að kaupandi veitir vöru viðtöku getur hann ekki borið fyrir sig gallann síðar.

2. Skila- og skiptiréttur

1. Skila- og skiptifrestur ónotaðrar vöru er 14 dagar, gegn framvísun ábyrgðarskírteinis (sölunótu). Varan þarf að vera í órofnun upprunalegum umbúðum og með öllum fylgihlutum. Við vöruskil hefur viðskiptavinur val um að fá vöru endurgreidda, skipta henni í aðra vöru í verslun Símans eða fá inneignarnótu fyrir andvirði vörunnar samkvæmt sölunótu.
2. Seljandi kann eftir atvikum að selja vörur sínar á sérstökum afsláttarkjörum og án skila- og skiptiréttar. Slíkar vörur eru þá merktar með tilskildum hætti og getur þetta bæði átt við vörur með eða án útlitsgalla.



3. Inneignarnótur

1. Inneignarnótur útgefnar af Símanum hf. gilda í fjögur ár frá útgáfudagsetningu.
2. Í þeim tilvikum sem inneignarnóta er skráð á sérstakan handhafa getur einungis sá handhafi notað inneignarnótuna í samræmi við skilmála þessa, nema Símanum berist sannanleg skrifleg staðfesting frá handhafa um annað (svo sem í formi umboðs).
3. Einungis er unnt er að nota inneignarnótur í verslunum Símans. Ekki er unnt að nota inneignarnótur í vefverslun Símans eða hjá endursölu- eða umboðssöluaðilum Símans.
4. Handhafi inneignarnótu getur ekki notað inneignarnótu til að greiða fyrir reikningsviðskipti sín eða annarra hjá Símanum (hvort sem er að heild eða hluta), svo sem vegna áskriftar að fjarskiptaþjónustu.
5. Hafi inneignarnóta glatast er litið svo á að um glatað fé sé að ræða, nema inneignarnótan sé skráð á sérstakan handhafa og viðkomandi handhafi getur auðkennt sig með gildum skilríkjum.